

Ályktun aðalfundar Samorku 2024

Ísland á farsæla sögu í uppbyggingu orku- og veituinngviða sem lagði grunn að líf skjörum og hagsæld þjóðarinnar. Þegar horft er fram á veginn blasir önnur staða við og að óbreyttu er útilokað að markmið um orkuskipti, orkuöryggi þjóðarinnar og áframhaldandi verðmætasköpun náist.

Grafalvarleg staða er komin upp vegna náttúruhamfara á Reykjaneskaga. Þær hafa vakið öll til umhugsunar um öryggi orku- og veituinngviða og mikilvægi þeirra. Víða þarf að fara fram mat á öryggi samfélaga m.t.t. staðsetningar og getu innviða til að takast á við ófyrirséð áföll, náttúruhamfarir og válynd veður.

Starfsfólk orku- og veitufyrirtækja á Reykjaneskaga hefur unnið þrekvirki við ótrúlegar aðstæður. Það á allt miklar þakkir skildar fyrir óeigingjarnt starf í almannabágu. Samtakamáttur orku- og veitugeirans og hæfni og úthald mannauðsins hefur þar sannað mikilvægi sitt. Uppbygging, viðhald og vernd orku- og veituinngviða kallar á fjölbreytta sérþekkingu og menntun starfsfólks sem mikilvægt er að hlúa að og byggja upp til framtíðar.

AFTURFÖR Í STAÐ FRAMFARA

Fram undan eru umfangsmiklar fjárfestingar í uppbyggingu og vernd innviða á næstu árum og áratugum í þágu loftslags, orkuskipta, þjóðaröryggis og hagsældar til framtíðar. Þær verða einhverjar þær mestu í sögu þjóðarinnar. Til að komast inn í kolefnislausu framtíð þarf samtakamátt og krafta samkeppninnar til að tryggja nýsköpun og hagnýtingu nýjustu tækni, framleiðslu nýrrar hagkvæmrar orku og orkunýtni. Orku- og veitufyrirtæki á Íslandi hafa tekið mikilvæg skref og eru í fararbroddi þessa samfélagslega verkefnis.

Blikur eru hins vegar á lofti og ljóst að á undanförunum mánuðum hefur orðið afturför í að ná metnaðarfullum markmiðum í orkustefnu Íslands og markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum vegna stóraukinnar notkunar á jarðefnaeldsneyti.

Samorka kallar eftir skýrri sýn, stefnu og aðgerðum frá stjórnvöldum til að ná markmiðum um kolefnishlutleysi. Taka þarf orku- og veitumálin föstum tókum og sýna dug, þor og úthald til að ganga í verkefni sem blasa við til að viðhalda lífsgæðum, efnahagslegri hagsæld og þjóðaröryggi. Stjórnvöld og regluverk verða að styðja við markmiðin en ekki hindra að þau náist.

ÆRIN VERKEFNI FRAMUNDAN Í HITA-, VATNS-, OG FRÁVEITU

Víða er staða hitaveitna tvísýn. Það eru vondar fréttir fyrir okkur öll, því heita vatnið er langstærsti orkugjafi þjóðarinnar. Jarðhitanoftkun telur um 65% af frumorkunotkun landsins. Ef hennar nyti ekki við þyrfti orku sem nemur allt að tífaldri núverandi raforkunotkun íslenskra heimila til að standa undir húshitun.

Samorka fagnar þeirri auknu áherslu sem lögð hefur verið á málefni hitaveitna hjá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti. Með ört vaxandi samfélagi, auknum umsvifum atvinnulífs og yfirstandandi náttúruhamförunum reynir víða á innviði hitaveitna. Huga þarf að því að framtíðarnýting og uppbygging hvetji til orkunýtni og ábyrgar nýtingar auðlindarinnar, svo sem með skynsamlegri gjaldskráruppbyggingu. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi uppbyggingu hitaveitna, rannsóknir, jarðhitaleit og borun. Skilvirk og áreiðanleg stjórnábyrging er grundvöllur þess að hitaveitur geti haldið áfram þeirri vegferð sem hófst á fyrri hluta síðustu aldar.

Aðgengi að hreinu og ómenguðu neysluvatni hefur verið til fyrirmyndar hér á landi en líkt og með heita vatnið krepur skóinn víða. Þannig stendur vatnsbólum ógn af byggð, framkvæmdum og náttúruhamförum. Gæta verður fyllstu varúðar og virða þau mörk sem sett hafa verið um vatnsverndarsvæði. Þá þarf að varpa ljósi á hvar og hvernig varavatnsból skuli kortlögð til að mæta áföllum, svo sem ef vatnsból verður ónothæft vegna náttúruhamfara eða slysa. Uppbygging vatnsveitna er fjárfrek starfsemi þar sem eignir liggja bundnar í jörðu í áratugi. Mikilvægt er að fjármögnun vatnsveitna verði komið í eðlilegt horf og arðsemi eigin fjár vatnsveitna tryggð þannig að þær geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu, auk þess sem tryggja verður að það fjármagn sem til verður í starfseminni renni til uppbyggingar vatnsveitunnar. Það er miður að enn og aftur þurfi Samorka að ítreka svo sjálfsgöð skilaboð sem þessi.

Einn mesti einstaki umhverfisávinningur í fráveitumálum sem hægt er að ná hér á landi felst í að koma á hreinsun skólps á öllum þéttbýlisstöðum. Flest stærri sveitarfélög hafa lokið slíkum úrbótum en enn er verk að vinna í litlum og meðalstórum sveitarfélögum. Regluverkið þarf að styðja við þau í þessu mikilvæga verkefni. Líklegt er að hreinsunarkröfur á skólpi muni aukast í flestum sveitarfélögum með innleiðingu nýrrar ESB tilskipunar sem mun umblyta rekstrarumhverfi fráveitna um allt land. Samorka kallar eftir sameiginlegu átaki um gerð langtímaáætlunar um málefni fráveitna.

EINFALT OG SKILVIRKT KERFI FYRIR ALLA

Samorka fagnar því að hafin sé vinna við heildarendurskoðun laga um verndar- og orkunýtingaráætlun. Verndar- og orkunýtingaráætlun byggir á því að virkjun orkulinda landsins sé ein af undirstöðum efnahagslegrar og félagslegrar velferðar í íslensku samfélagi. Ljóst er að núverandi umgjörð vegur að þeirri undirstöðu. Ekkert land hefur sett eins langa og ógagnsæja umgjörð leyfisveitinga fyrir sinn orkugeira eins og Ísland. Samrýmist það vart viðteknum hugmyndum um vandaða og fyrirsjáanlega stjórnsýslu.

Gríðarlega ítarleg löggjöf og umfangsmikið regluverk stendur vörð um hagsmuni náttúru og samfélaga samkvæmt íslenskum lögum. Samorka gerir engar athugasemdir við að orku- og veitufyrirtæki uppfylli ströng skilyrði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, laga um skóga og skógrækt, laga um menningarminjar, laga um þjóðlendur, laga um stjórn vatnamála og svo framvegis. Þá eru heimildir og völd sveitarfélaga og opinberra stofnana á grundvelli skipulagsvalds, veitingu framkvæmda- og virkjanaleyfa forsendur allra framkvæmda og mikilvægt að þessir aðilar hafi yfir að ráða mannafla og úrræðum til að fást við þau viðfangsefni sem koma á þeirra borð. Orku- og veitufyrirtæki leggja sig fram í allri sinni starfsemi um að uppfylla lög og reglur og starfa í sátt við nærsamfélög sín og þjóðina alla. Það er hins vegar ótækt að fyrirtæki sem sinna orkuframleiðslu séu ein háð því ógagnsæja ferli sem rammaáætlun er, sem aukin heldur nær ekki þeim markmiðum sem að var stefnt. Í allri annarri atvinnustarfsemi og mannvirkjauppbyggingu duga almenn lög og reglur til að meta umhverfisáhrif og veita tilskilin leyfi. Orku- og veitufyrirtæki kalla eftir því að eitt verði látið yfir allar atvinnugreinar ganga.

Samorka styður áform stjórnvalda um sameiningu stofnana með það að markmiði að einfalda ferla, tryggja skilvirka stjórnsýslu og skjóta ákvarðanatöku. Einföldun regluverks gengur ekki gegn hagsmunum þeirra sem þurfa eða vilja koma að athugasemdum við einstakar framkvæmdir – þvert á móti. Það er hagur allra, hvort sem það eru framkvæmdaraðilar, nágrennar, hagsmunasamtök eða stofnanir, að leyfisveitingaferli séu einföld og skýr.

Orkuskipti verða ekki á Íslandi nema sveitarfélög og kjörnir fulltrúar þeirra taki fullan þátt í því verkefni. Um allan heim eru sveitarfélög í lykilhutverki við að leiða orkuskipti sinna þjóða. Samorka styður sjónarmið um að sveitarfélög og íbúar þeirra njóti ábata af uppbyggingu í raforkuframleiðslu í sínu nágrenni. Þeim markmiðum verður ekki bara náð með auknum álögum heldur með jafnari skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga. Í Evrópu og Bandaríkjunum er gríðarlegu opinberu fé varið til að koma á fót framleiðslu á grænni orku. Hér á landi hefur enn sem komið er ekki þurft að grípa til slíkra aðgerða. Það er hagsmunamál fyrir ríkisjóð að svo verði áfram. Hafa þarf í huga við frekari vinnslu á skattatillögum stjórnvalda að auknar álögur á raforkuframleiðslu gætu dregið úr fjárfestingum og það á sama tíma og ljóst er að þörf er á mikilli uppbyggingu í raforkuframleiðslu.

ÖRUGGT RAFMAGN TIL FRAMTÍÐAR

Til að tryggja raforkuöryggi þjóðarinnar til framtíðar þarf:

- Aukna orkuframleiðslu og flýta fyrir uppbyggingu flutnings- og dreifikerfa
- Einfalt og skilvirkt regluverk og öfluga stjórnýslu
- Skilvirkan heildsölu- og smásölumarkað
- Aukna orkunýtni, öfluga notendasvörun og smáframleiðslu.

Hraða verður uppbyggingu raforkukerfisins til að mæta þörfum samfélagsins um raforku. Tryggja þarf lagalega umgjörð og öfluga stjórnýslu sem styður við loftlagsmarkmið stjórnvalda, markmið þeirra um orkuskipti og kolefnishlutleysi. Einfalda þarf ferli leyfisveitinga og skipulagsmála og horfa til þróunar í Evrópu varðandi leyfisveitingar og umgjörð orkuflutnings- og vinnslu með endurnýjanlegum orkugjöfum. Þar er t.d. horft til þess að framleiðsla og uppbygging endurnýjanlegrar orku sé í þágu brýnustu almannahagsmuna. Ljóst má vera, miðað við þá stöðu sem hér er, að uppbygging í raforkuframleiðslu er brýnt almannahagsmunamál.

Í þó nokkur ár hefur verið bent á það ójafnvægi sem er á milli framboðs og eftirspurnar raforku á íslenskum raforkumarkaði. Samorka styður áform um uppbyggingu heildsölumarkaðar með rafmagn og mikilvægi slíks markaðar við að leiða fram jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar í samræmi við skýr markmið raforkulaga um leið og hugað er að sérstöðu íslensks raforkumarkaðar sem byggir á 100% endurnýjanlegri orku. Samorka fagnar því að undirbúningur er hafinn fyrir áframhaldandi uppbyggingu skilvirks markaðar, m.a. með undirbúningi frumvarps um leikreglur á raforkumarkaði.

Lykilþáttur í því að efla orkunýtni er að neytendur, heimili og fyrirtæki – stór og smá – verði upplýstir og ábyrgir notendur sem geti stýrt sinni notkun á raforku og eftir atvikum verið virkir þátttakendur á raforkumarkaði. Þannig fleygir nú fram lausnum til að tryggja orkuöryggi, svo sem með eigin framleiðslu heimila og fyrirtækja (birtu og vindi), rafhleðslum og varmadælum. Þá geti heimili stýrt orkunotkun sinni eftir því hvernig verð kann að sveiflast. Allt eru þetta lausnir sem valdefla neytendur og stuðla markvisst að orkunýtni og bættri nýtingu innviða. Það er mikilvægt hagsmunamál fyrir íslenskt efnahagslíf að þróast í sömu átt á þessu sviði og löndin í kringum okkur. Tryggja þarf lagalega umgjörð, öfluga miðlun upplýsinga, snjallmælavæðingu, skilvirkt regluverk og uppbyggingu dreifikerfisins til að Ísland verði í fararbroddi á þessum vettvangi grænna raforkulausna.

Samorka styður uppbyggingu vindorku á Íslandi og áform stjórnvalda um að vindorka verði ein af grunnstoðum orkuöflunar landsins, auk vatnsafls og jarðhita. Rafmagnsframleiðsla með vindi er þrautreynd og örugg leið til að framleiða rafmagn á umhverfisvænan og árangursríkan hátt. Samorka hefur ítrekað bent á fjölmarga vankanta laga um verndar- og orkunýtingaráætlun, sem nú hefur verið hafin endurskoðun á. Meðan unnið er að endurskoðun rammaáætlunar leggur Samorka áherslu á að leiddar verði í lög fyrirbyggjandi tillögur um flýtimeðferð vindorkukosta, þannig að bregðast megi sem fyrst við bráðri þörf um uppbyggingu í raforkuframleiðslu. Samorka telur að lög um verndar- og orkunýtingaráætlun hafi runnið sitt skeið og telur farsælast að þau verði lögð af. Framtíðarfyrirkomulag ætti að miða að því að orkuvinnsla verði háð sambærilegu regluverki og önnur atvinnustarfsemi í landinu.

Þannig samþykkt á aðalfundi Samorku, 20. mars 2024